

Ed.

268. Frumvarp til laga

um fangelsi.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Í kaupstöðum og kaптúnunum, sem í 700 íbúar eða fleiri, skal reisa fangelsi, til þess að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir.

2. gr.

Kostnaður af byggingu fangelsa greiðist að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar-sjóði eða sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og skal, meðan þörf er á, árlega veitt fé í þessu skyni í fjárlögum.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn eða hreppsnefnd nauðsyn á, að fangelsi sé reist á staðnum, og skal hún þá snúa sér til dómsmálaráðherra með beiðni um fram-

lag úr ríkissjóði í þessu skyni. Slikri beiðni skal fylgja skýrsla um nauðsynina, nákvæm áætlun um kostnað og uppdráttur að gerð hússins.

4. gr.

Ef fleiri beiðnir berast ráðherra en fjárveiting leyfir að teknar séu til greina, skal hann velja úr og veita féð þar, sem þörfin telst mest.

5. gr.

Ráðherra hefir þá ihlutun um byggingu fangelsa, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

6. gr.

Nú er fangelsi á staðnum, en það þarfnast endurbóta eða viðauka, og skal þá að öllu svo með fara sem segir í 1.—5. gr.

7. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til, að afplána megi sektir, einfalt fangelsi og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fangelsum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að föngum sé engin hættu búin.

8. gr.

Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, þar með talið hegningarhúsið í Reykjavík, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr hægjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrir mæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.